



Hjálmarsmót Borðtennisdeildar KR 2. apríl 2023

Borðtennisdeild KR heldur Hjálmarsmótið sunnudaginn 2. apríl 2023 í Íþróttahúsi Hagaskóla. Keppt verður í tvíliðaleik í opnum flokki og u1400 flokki, þar sem báðir leikmenn þurfa að vera með minna en 1400 stig á styrkleikalista BTÍ.

Tímaáætlun

- kl. 10:00 Hús opnar
- kl. 11:00 u1400 flokkur hefst
- kl. 13:00 Opinn flokkur hefst
- kl. 16:00 Móti lokið

Fyrirkomulag keppni

- Leikið verður í riðlum en fjöldi liða í riðli fer eftir skráningu.
- Tvö efstu tvíliðaleikspör hvers riðils fara upp úr riðlinum og leika þá í útsláttarkeppni fram að úrslitum.
- Leikið verður um 3. sætið.
- Til að vinna leik þarf að vinna 3 lotur.
- Báðir flokkar eru blandaðir, svo heimilt er að skrá til leiks tvíliðaleikspar sem samanstendur af tveimur einstaklingum af sama kyninu eða þá sitt hvoru kyninu.
- Raðað verður eftir styrkleikalista BTÍ, en fjöldi liða sem fær röðun fer eftir fjölda skráninga.

Verðlaun

Verðlaun verða veitt fyrir efstu þrjú sætin í báðum flokkum. Þau samanstanda af peningaverðlaunum, ásamt verðlaunagripum.

- Verðlaun í opnum flokki
 - 1. sæti: 20.000kr ásamt verðlaunagripum
 - 2. sæti: 8.000kr ásamt verðlaunagripum
 - 3. sæti: 3.000kr ásamt verðlaunagripum
- Verðlaun í u1400 flokki
 - 1. sæti: 10.000kr ásamt verðlaunagripum

- 2. sæti: 5.000kr ásamt verðlaunagripum
- 3. sæti: 3.000kr ásamt verðlaunagripum

Þáttökugjöld

Þáttökugjald er 3.000 kr. á lið. Hægt er að greiða þáttökugjald á keppnisstað eða inn á bankareikning Borðtennisdeildar KR og skal tekið fram fyrir hvaða leikmann er verið að greiða í skýringu millifærslunnar og á netfangið [bordtennisdeildKR@gmail.com](mailto:borðtennisdeildKR@gmail.com).

Bankareikningur: 0137-26-008312,
kennitala 661191-1129.

Skráning

Skráning fer fram með tölvupósti á netfangið [bordtennisdeildkr@gmail.com](mailto:borðtennisdeildkr@gmail.com) til kl. 19 fimmtudaginn 30. mars 2023. Taka skal fram fullt nafn keppenda og kennitölu, tilgreina tvíliðaleiksfélaga og félag.

Raðað verður í riðla fyrir Hjálmarssmótið í Íþróttahúsi Hagaskóla fimmtudagskvöldið 30. mars kl 19:00. Leikið verður með hvítum Stiga 3ja stjörnu plastkúlum.

Mælst er til þess að tvíliðaleikspör leiki í eins búningum, svo hægt verði að aðgreina milli para.

Mótstjórn:

Pétur Gunnarsson, gsm. 662 3949, peturgun9@gmail.com

Skúli Gunnarsson, gsm. 845 2585, skuligunn8@hotmail.com

Hlöðver Steini Hlöðversson, gsm. 824 3738, hsh3006@gmail.com

Yfirdómari: Elvar Kjartansson

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR
Pétur Gunnarsson